

Staða Staðardagskrár 21 í Mosfellsbæ – mars 2016

Staðardagskrá 21 (Local Agenda 21) er velferðaráætlun um sjálfbæra þróun sem sveitarstjórnnum heimsins var ætlað að setja fram í samræmi við ályktun heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiró 1992.

Haustið 1998 ákvað bæjarstjórn Mosfellsbæjar að vinna að Staðardagskrá 21 í Mosfellsbæ. Í framhaldinu var lögð fram skýrsla um stöðu mála í bæjarfélaginu og markmið um sjálfbæra þróun samþykkt. Í nóvember árið 2000 voru síðan markmið og framkvæmdaáætlun fyrir Staðardagskrá 21 í Mosfellsbæ samþykkt í verkefnisstjórn. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti síðan þann 31. janúar 2001 að undirrita svokallaða Ólafsvíkuryfirlýsingu og hafa þar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi við ákvarðanatöku sína.

Mosfellsbær fór árið 2008 í heildarendurskoðun á markmiðum Staðardagskrár 21 og setti sér árið 2009 nýja stefnu um sjálfbært samfélag til 2020 ásamt framvæmdaáætlun og árlegum verkefnalistum.

Staða Staðardagskrár 21 hefur tekið breytingum undanfarin ár og verkefnið þróast á margan hátt frá upprunalegu formi.

Á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í lok árs 2015, COP 21, voru sett fram ný heimsmarkmið SP í sjálfbærni („*sustainable development goals*“) og nýr vegvísir um sjálfbæra þróun í sveitarfélögum til 2030 sem kemur að hluta í stað Staðardagskrár 21.

Heimsmarkmiðin má finna á heimasíðu utanríkisráðuneytisins, <https://www.utanrikisraduneyti.is/heimsmarkmidin>

Í 11. kafla þessara heimsmarkmiða í sjálfbærni er sérstaklega fjallað um sjálfbærni í sveitarfélögum, „*Make cities and human settlements inclusive, safe, resilient and sustainable*“.

Skv. upplýsingum frá Utanríkisráðuneytinu þá hafa „*Staðardagskrá 21 ásamt Þúsaldarmarkmiðum SP í þróunarmálum, runnið saman í nýtt markmiðssetningarferli og útkoman varð ný Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun. Hvatt er til þess að stjórnvöld á öllum stigum vinni að markmiðunum. Í stjórnarráðinu er komið í gang ferli til þess að vinna að plani fyrir Ísland*“.

Að ofangreindu er ljóst að talsverðar breytingar eru að verða á fyrirkomulagi Staðardagskrár 21 í sveitarfélögum þar sem ný heimsmarkmið hafa verið sett af SP. Hins vegar vantar ennþá upplýsingar og leiðbeiningar frá stjórnvöldum á Íslandi, þ.m.t. Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, um hvaða áhrif þessar breytingar hafa hér á landi, innleiðingu þeirra og áhrif á sveitarfélögin.

Tómas G. Gíslason

Umhverfisstjóri Mosfellsbæjar